

Alþingi  
Erindi nr. P 140/366  
komudagur 18.11.2011



Alþingi  
Nefndasvið Alþingis  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Akranesi 18.11.2011  
Tilvísun: V201111060

**Efni: Umsögn Landmælinga Íslands um frumvarp til laga um náttúruvernd (akstur utan vega o.fl)  
225. mál - umsögn**

Landmælingar Íslands vísa til erindis dags. 17. nóvember 2011 frá nefndasviði Alþingis þar sem óskað er umsgagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um náttúruvernd (akstur utan vega), 225. mál.

Eftirfarandi er umsögn Landmælinga Íslands um frumvarpið:


- a) Í frumvarpi til laga um náttúruvernd, 225. mál, er einn megin tilgangurinn að hamlá gegn utanvegaakstri og koma skýrum skilaboðum til ferðamanna. Um er að ræða stórt og mikilvægt verkefni ekki síst þar sem gert er ráð fyrir verulegri fjölgun erlendra ferðamanna til Íslands á næstu árum. Landmælingar Íslands fagna þessu frumvarpi og telur stofnunin að hér sé á ferðinni mikilvægt skref í þá átt að stýra umferð um landið til að koma í veg fyrir óafturkræf náttúruspjöll.
- b) Þegar umhverfisráðherra mælti fyrir framangreindu frumvarpi á Alþingi þann 15. nóvember 2011 var í andsvörum þingmanna nokkuð rætt um hve langan tíma tekur að koma á laggirnar kortagrunni þar sem merktir skulu vegir og slóðar sem heimilt er að aka vélknúnum ökutækjum. Í umræðunni var nefnt að verkefnið tæki 10 ár sem er að mati Landmælinga Íslands villandi og ekki frá stofnuninni komið. Í þessu sambandi skal það áréttað að markmið Landmælinga Íslands og umhverfisráðherra fara saman og koma helstu tímasetningar fram í 5. grein frumvarpsins með eftirfarandi orðalagi :

*“Kortagrunnur skv. 4. mgr. 17. gr., með upplýsingum um vegi og vegslóða innan miðhálandislínunnar sem heimilt er að aka vélknúnum ökutækjum um, skal liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2014. Kortagrunnur með sams konar upplýsingum um vegi og vegslóða á láglandi skal liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 2016.”*

Þrátt fyrir þessar dagsetningar er mikilvægt að það sé alveg ljóst frá upphafi að vinna við kortagrunn um vegakerfið lýkur ekki 1. júlí árið 2016. Áfram þarf að vinna að upp færslu og leiðréttingum á grunninum s.s. vegna þess að einhverjum slóðum þarf að loka vegna aukins álags eða færa þarf inn nýja vegi og slóða s.s. þá vegi sem Vegagerðin ber ábyrgð á. Þessi vinna við endurmat og lagfæringar getur tekið mörg ár og lýkur í raun aldrei. Því er umræða um að verkefnið taki 10 ár villandi, réttara væri að segja að verkefninu lýkur aldrei á sama hátt og Vegagerðin mun um ókomin ár sinna viðhaldi á vegakerfinu sem sú stofnun hefur umsjón með og birta upplýsingar um færð á vegum.



- c) Á þeim hluta vegakerfisins sem er utan vega Vegagerðarinn er víða óljóst hver er svokallaður veghaldari þ.e. ber ábyrgð á viðhaldi vegarins eða slóðans. Veghaldarar geta hugsanlega verið sveitarfélag, orkufyrirtæki eða ríkisstofnun en sumum tilfellum er óljóst hver er veghaldari. Frumvarpið tekur ekki sérstaklega á þessu en mikilvægt er að hafa þetta í huga þegar kemur að ákvörðun og mati á því hvort vegur eða slóði eigi að vera opin og lokaður.
- d) Eins og fram kemur í kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins áætlað umhverfisráðuneytið að ný útgjöld Landmælinga Íslands við gerð kortagrunns um vegi og slóða nemi 20 milljónum fyrsta árið og 16 milljónum eftir það. Í stórum dráttum er um að ræða kostnað vegna aðkeyptrar þjónustu annars vegar (bílaleigubílar, leiga á hugbúnaði og loftmyndum og ferða- og fundakostnaður) og hinsvegar tekjutap vegna þess að gert er ráð fyrir því að kortagrunnurinn verði öllum aðgengilegur án endurgjalds. Ef framangreindir fjármunir fást ekki til verkefnisins er ljóst að verkefnið mun dragast á langinn sem er að mati Landmælinga Íslands alvarlegt mál fyrir náttúruvernd á Íslandi.

  
Magnús Guðmundsson  
Forstjóri Landmælinga Íslands